



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 3. tbl. 14. árg

Desember 2024 og janúar 2025

Góðan dag!



Nú er almanaksárið 2024 að renna sitt skeið. Hálfur mánuður eftir sem verður án nokkurs efa fullur af eftirvæntingu og mannamótum. Í skólanum ríkja gleði og spenna en númer eitt er þó nám nemenda og það að halda jafnvægi á lífi og sál þennan jólamánuð.

Við hvetjum forráðamenn til að eyða eins miklum tíma með börnunum og hægt er nú þegar alls staðar í kringum okkur er ys og þys og á okkur dynja auglýsingar um veraldlega hluti sem sagðir eru breyta lífi okkar. Það er ekkert eins mikilvægt fyrir börnin okkar og samvera með okkur. Það að gleðjast saman yfir litlu hlutunum í lífi okkar gefur börnunum okkar jafn mikið og rándýrar gjafir sem gleymast jafnvel fljótt. Reynum því okkar besta til að að umvefja börnin okkar með samveru, útiveru eða öðru sem eflir andann og styrkir fjölskylduböndin.

Starfið í skólanum einkennist af áherslum á nám og sjálfstæði nemenda nú jafnt sem endranær. Við kennum nemendum að vinna saman og eiga góð samskipti, hjálpast að og stefna hátt. Við erum metnaðarfull í starfi og gerum kröfu á nemendur, líkt og við gerum til okkar sjálfra, að standa sig vel í því sem þau taka sér fyrir hendur.

Í skólanum skreytum við og höldum litlu jólin áður en haldið er í jólafrí en skóli hefst á nýju ári mánudaginn 6. janúar (þrettándanum) samkvæmt stundaskrá.

Það er gott samfélag sem byggir Glerárskóla, nemendur, starfsólk og forráðamenn sem gera það að verkum að starfið verður blómlegt. Höldum áfram á þeirri vegferð og stígum eitt skref í einu á þeirri hringferð að bæta innviði skólans okkar. Við eigum fallegan nýendurgerðan skóla sem státar af glæsilegum tækniúnaði og því að innangent er í íþróttahús og sundlaug. Tölum skólann upp og leyfum öllum að heyra að í hverfinu okkar er gott að vera.

Við óskum öllum gleðilegra hátíða og þökkum fyrir liðið ár. Hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs.

Með kærri hátíðarkveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Tómasi og Hrafnhildi



Starfsfólk Glerárskóla óskar nemendum og forráðamönnum gleðilegra hátíða og fagnaðar í nýju ári. Þökkum samstarfið á liðnu ári.



Jólafondur foreldrafélags Glerárskóla


Laugardaginn 23. nóvember var jólafondur Foreldrafélags Glerárskóla. Allt tókst það vel og var dagurinn bæði ljúfur og notalegur. Glæsilegt starf sem Foreldrafélagið okkar heldur utanum.

19. og 20. desember 2024

Fimmtudaginn 19. desember 2024 er uppbrotsdagur í Glerárskóla. Þann dag er margo skemmtilegt í gangi hjá nemendum eins og félagsvist, jólabíó og jólapeysu, húfu- og/eða sokkadagur. **Skólastarfi lýkur kl. 12:00 þann dag** en Frístund er opin til 16:15.

Að kvöldi fimmtudagsins heldur 7. - 10. bekkur litlu jól og að þeim loknum hefst jólafrí hjá þeim.

Föstudaginn 20. desember 2024 eru litlu jólin hjá 1. - 6. bekk (sjá næstu frétt). Eftir þau hefst jólafrí hjá nemendum.



Litlu jólin í Glerárskóla

Litlu jól í Glerárskóla verða haldin samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

Fimmtudagurinn 19. desember 2024:

Litlu jól 7. - 10. bekkjar kl. 19:20 - 21:00 í Glerárskóla. Að þeim loknum hefst jóla- og áramótafrí nemenda.

Föstudagurinn 20. desember 2024:

Litlu jól 1. - 4. bekkjar kl. 8:15 - 9:35

Litlu jól 5. - 6. bekkjar kl. 9:00 - 10:30

Að litlu jolum loknum eru nemendur komnir í jóla- og áramótafrí.

Mæting í skólann á nýju ári er **mánudaginn 6. janúar 2025 samkvæmt stundaskrá.**



Sniðugir dagar í boði nemendaráðs

11. desember: Jólahúfudagur - fyrsti jólasveinninn.

19. desember: Jólapeysudagur

24. janúar: Íþróttatreyjudagur- bóndadagur

21. febrúar: Náttfatadagur

21. mars: Litríkir, skræpóttir sokkar - Downs dagurinn

2. apríl: Blár dagur -Dagur einhverfunnar

9. maí: Hattadagur





Skipulagsdagur 3. janúar 2025

Föstudaginn 3. janúar 2025 er skipulagsdagur í Glerárskóla. Þann dag er skólafrí og Frístund er lokuð.
Skólastarf hefst að loknu jólaeyfi **mánudaginn 6. janúar 2025** samkvæmt stundaskrá

Skipulags- og viðtalsdagur í febrúar 2025

Mánudaginn 3. febrúar verður skipulagsdagur í Glerárskóla. Þann dag er enginn skóli en frístund er opin frá 8:00 - 16:15 fyrir skráða nemendur.



Þriðjudaginn 4. febrúar og miðvikudaginn 5. febrúar eru viðtalsdagur í Glerárskóla. Þá verða nemendastýrð viðtöl sem nemendur, forráðamenn og umsjónarkennarar taka þátt í.

**BENDUM Á AÐ ÞENNAN DAG SEM AÐRA DAGA ER SÍMAFRÍ Í GLERÁRSKÓLA
FYRIR ALLA AÐILA SEM ÞANGAÐ KOMA.
BIÐJUM FORRÁÐAMENN AÐ VIRÐA ÞAÐ!**

Upplýsingar um skráningar á InfoMentor verða sendar í tölvupósti þegar nær dregur ásamt öllu skipulagi.

Hnetulaus skóli

Minum alla á að Glerárskóli er hnetulaus skóli og því þarf að huga vel að öllu nesti, sérstaklega í desembermánuði.



Helstu atburðir í desember 2024, janúar 2025 og febrúar 2025

Desember 2024	
19. desember	Uppbrotsdagur - Litlu jól 7. -10. bekkjar
20. desember	Litlu jól 1. - 6. bekkjar
Janúar 2025	
3. janúar	Skipulagsdagur - skólafrí - Frístund lokuð
6. janúar	Skóli hefst skv. stundaskrá - Þrettándinn
Febrúar 2025	
3. febrúar	Skipulagsdagur - skólafrí - Frístund opin frá 8:00 - 16:15
4. febrúar	Viðtalsdagur - Frístund opin frá 8:00 - 16:15
5. febrúar	Viðtalsdagur - Frístund opin frá 8:00 - 16:15



Símafrí í Glerárskóla

Símafrí í Glerárskóla gengur vel.

Við viljum því minna alla á að símafrí er í skólanum alla daga, hvort sem þeir eru hefðbundnir kennsludagar, uppbrotsdagar, viðtalsdagar eða annarskonar dagar eins og t.d. föndurdagur foreldrafélagsins. Símafríð á við um alla, nemendur, starfsfólk og forráðamenn.

**Við biðlum til allra forráðamanna að virða þetta þegar þeir koma í skólann.
Með fyrirfram þakklæti.**



Skólabyrjun 2025



**Glerárskóli hefst að loknu jóla- og áramótafríi
mánudaginn 6. janúar 2025 samkvæmt stundaskrá.**

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

